

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 10. júní 2021  
UST202106-021/B.S.  
10.04.02


**Efni: Aðalskipulag - Þórisós – efnislosunarsvæði. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. dags. 2. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi sem felst í því að settar eru á skipulag fjórar námur og eitt efnislosunarsvæði í nágrenni Þórisvatns og Sauðafellslóns vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Þórisósstíflu.

Umhverfisstofnu hefur áður gert athugasemdir við umrædda efnistöku og haugsetningu. Þá láðist að spyrjast fyrir um hvort mögulegt sé að nýta einhverja þeirra náma sem notaðar verða við fyrirhugaðar framkvæmdir sem efnislosunarsvæði? Þetta gæti haft í för með sér að dregið verði úr raski og jafnframt auðveldað frágang námusvæða þar sem unnt á að vera að draga verulega úr sjónrænum áhrifum vegna efnistökkunnar með haugsettu efni sem nýst gæti við frágang viðkomandi svæðis.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnu ekki athugasemdir við umrædda breytingu.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur